

18. maí 2011

### **Niðurstaða athugunar á tryggingafræðilegri stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins**

Fjármálaeftirlitið hefur krafist þess að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) endurskoði iðgjald launagreiðenda til A-deildar sjóðsins, þar sem ákvæði 13. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kveður á um að iðgjald launagreiðenda á hverjum tíma sé við það miðað að það dugi til að lífeyrissjóðurinn geti staðið við heildarskuldbindingar sínar. Fjármálaeftirlitið fellst ekki á þau sjónarmið sem m.a. komu fram í ársskýrslu LSR fyrir árið 2009, að LSR falli undir ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997, sem gilda um almenna lífeyrissjóði og veitir þeim lífeyrissjóðum heimild til að hafa 10% mun á eignaliðum og lífeyrisskuldbindingum, eða bráðabirgðaákvæði nr. VI við þau lög sem leyfir að munurinn geti verið 15% árin 2008, 2009 og 2010.

Í ársskýrslu LSR fyrir árið 2010 kemur fram að heildar tryggingafræðileg staða A-deildar LSR, þ.e. áfallin staða að viðbættri framtíðarstöðu, hafi verið neikvæð um 12% eða 47,4 milljarða kr. árið 2010.

Í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins sem send var LSR með bréfi, dags. 19. apríl sl., er bent á að í 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir: „Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 8% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda.“ Enn fremur segir í 5. mgr. 13. gr. sömu laga að iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skuli endurskoða árlega og skuli ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir hvert komandi almanaksár.

Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir um núverandi 13. gr. laganna, að leiði athugun tryggingafræðings í ljós að greiðsla launagreiðanda ásamt iðgjaldi sjóðfélaga dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, hvíli sú skylda á stjórn sjóðsins að hækka iðgjald launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Þetta væri ein veigamesta breytingin á lögum sjóðsins samkvæmt frumvarpinu. Með henni væri lagt til að A-deild LSR ætti jafnan fyrir skuldbindingum sínum þannig að eignir og skuldbindingar stæðust á. Gert væri ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að deildin standi við þær skuldbindingar, sem réttindareglur sjóðsins segja til um.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins séu sérlög sem gildi um LSR og gangi framur almennum ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 eru skilyrðislaus fyrirmæli um að stjórn LSR beri að endurskoða iðgjald launagreiðenda árlega. Við þá endurskoðun skuli það sjónarmið ráða för að hrein eign A-deildar LSR til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildar LSR séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Það er því ljóst að stjórn LSR ber árlega að endurskoða iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á þann veg að ekki sé munur á eignaliðum og lífeyrisskuldbindingum.

Iðgjöld til A- deildar LSR eru nú 15,5% af launum, þar af eru iðgjöld sjóðfélaga 4% og iðgjöld launagreiðenda 11,5%. Ætlað er að hækka þyrfti heildariðgjaldið um 4 prósentustig eða í 19,5%, til að heildarstaða A-deildar sjóðsins yrði í jafnvægi.

Fjármálaeftirlitið krefst þess í framangreindu bréfi til LSR, dags. 19. apríl sl., að stjórn LSR endurskoði iðgjald launagreiðenda með hliðsjón af 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við fyrsta tækifæri, þó ekki síðar en 15. júlí 2011.